



Skýrsla um umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla 2011-2013

vegna umsóknar um endurnýjun Grænfána



Júní 2013

Umsókn Hofstaðaskóla um endurnýjun Grænfána

Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefndinni eru rúmlega 30 fulltrúar. Haustið 2011 var fjölgað umtalsvert í umhverfisnefndinni eða í tvo fulltrúa úr öllum bekkjum frá 1. – 7. bekk. Haustið 2012 voru tveir fulltrúar úr öllum bekkjum nema 1. bekk. Áhugasamir nemendur bjóða sig fram og síðan er kosið á milli þeirra. Auk nemenda sitja í nefndinni fulltrúar foreldra, fulltrúar starfsmanna, fulltrúar kennara og deildarstjórar. Öll nefndin hefur fundað á haustin og lagt línurnar fyrir komandi skólaár. Nemendur hafa fundað oftast með verkefnastjórum yfir veturinn t.d. til að leggja línurnar fyrir Dag umhverfisins og önnur verkefni sem hafa verið unnin t.d. í tengslum við söfnun í samstarfi við Græna framtíð. Síðasti fundur skólaársins 2012-13 var notaður til að fylla út umhverfisgátlistann. Fundargerðir eru ritaðar og birtar á heimasíðu Hofstaðaskóla (<http://hofsstadaskoli.is/skolinn/umhverfismal/skyrslur-fundargerdir/>). Afrit af fundargerð frá fyrsta fundi skólaársins 2012-13 (sjá fylgiskjal 1).

Mat á stöðu umhverfismála

Umhverfismálin eru metin af þeim sem sitja í nefndinni og stjórnendum skólans. Umhverfisgátlistinn fyrir 2012-13 (sjá viðhengi 1) var fylltur út sameiginlega á umhverfisnefndarfundi af fulltrúum úr 3. – 7. bekk. Það gaf góða raun því og þá eru allir meðvitaðir hvernig skólinn er að standa sig í umhverfismálunum. Fyrir nokkrum árum var gátlistanum skipt upp á milli nokkurra í umhverfisnefndinni en þá var yfirsýnin ekki eins mikil. Nokkur breyting hefur átt sér stað frá því gátlistinn var fyrst fylltur út eins og sést t.d. á samanburði á rusli á árunum 2007-8 og 2012-13 (sjá fylgiskjal 2).



Áætlun um aðgerðir og markmið

Skólinn vinnur eftir umhverfissáttmála og hefur markmið að leiðarljósi sem eru endurskoðuð á hverju ári. Sáttmálinn eða stefnan eins og hann var kallaður áður hefur tekið nokkrum breytingum ár frá ári. Umhverfisnefndin setur sáttmálann og markmiðin sem eru sýnileg í

öllum bekkjarstofum, á göngum skólans og á heimasíðunni (sjá fylgiskjal 3). Ákveðin verkefni eru tekin fyrir á hverju ári t.d. voru verkefni ársins 2012-13

- Flokkun á úrgangi og endurnýting
- Arnarneslækur í fóstur

og árið 2011-12

- Arnarneslækur í fóstur
- Fræðast um loftslagsmál
- Fræðast um tré - Rainbow tree
- Efla útikennslu í stærðfræði

Ágætlega hefur gengið að ná settum markmiðum. Reynslan hefur sýnt að það er ekki gott að vera með of mörg markmið í gangi, frekar að hafa þau færri og einbeita sér vel að þeim. Ánægja hefur verið með að einbeita sér að ákveðnum verkefnum á hverju ári, þau tengjast því sem skólinn er að leggja áherslu á hverju sinn t.d. í tengslum við Comeniusarsamstarf (Rainbow tree) og endurmenntunarnámskeið sem kennarar sátu í varðandi útikennslu í stærðfræði. Mikla vinnu og eftirfylgni þarf til uppfylla öll markmiðin.

Eftirlit og endurmat

Verkefnastjórar hafa dregið vagninn og bera mikla ábyrgð varðandi eftirfylgni og því hvort markmiðum hafi verið náð. Þeir sitja einnig í stjórnendateymi skólans. Það er í skólastefnu Garðabæjar að skólar eigi að sinna umhverfismálum og því fellur starfið vel að stefnu bæjarins. Verkefnastjórar hafa áralanga reynslu að umhverfisstarfinu og hafa sinnt starfinu eftir bestu getu. En til að ná settum markmiðum þarf allt skólasamfélagið að vera vel upplýst og vinna saman. Það er ekki alltaf auðvelt á stórum vinnustað að virkja alla, en lítil skref bera árangur og meðan eitthvað ávinnst fram á veginn þá er grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi.

Fræðsla

Gert er ráð fyrir að umhverfisfræðslan sé mest í höndum umsjónarkennara. Margskonar verkefni eru unnin yfir veturinn og þau falla vel að starfinu. Á hverju ári er umhverfisvika þar sem nemendur hafa fengið markvissa fræðslu og unnið ákveðin verkefni undir leiðsögn kennara. Á síðasta skólaári tengdist umhverfisvikan listadögum í Garðabæ. Allir árgangar unnu að fjölbreyttum verkefnum. Nemendur í 6. bekk unnu t.d. myndbönd, settu upp tískusýningu og sömdu svokallað „Ósonlag“ (sjá fylgiskjal 4). Verkefnið var sent inn í keppnina „Varðliðar umhverfisins“. Einnig vinna nemendur í 4. bekk á hverju ári þemaverkefni um umhverfismál og endurvinnslu (sjá fylgiskjal 5). Þegar nýtt flokkunarkerfi á úrgangi var tekið í notkun sl. haust var fengin utanaðkomandi fræðsla fyrir nemendur og starfsmenn. Einnig heimsóttu starfsmenn skólans Íslenska gámafélagið sem við erum í samstarfi við. Nemendur í 6. bekk hafa einnig verið með fræðslu um loftslagsmál og fengu m.a. verðlaun fyrir vinnuna. Vífilstaðavatn og lífríki þess er unnið með nemendum í 6. og 7. bekk á hverju ári. Sambærilegt verkefni er í vinnslu í tengslum við Arnarneslækinn en hann rennur framhjá skólanum. Allur skólinn tók þátt í 2 ára verkefni sem heitir Regnbogatré eða Rainbow tree en það féll mjög vel að umhverfisstarfinu (sjá fylgiskjal 6).

Kynning á stefnunni

Umhverfisstefnan er kynnt á starfsmannafundi fyrir starfsfólki skólans. Fulltrúar í umhverfisnefndinni kynna stefnuna ásamt umsjónarkennara í hverjum bekk fyrir sig og hún er sýnileg í hverri stofu. Á skólasetningu segir skólastjórinn stuttlega frá stefnunni. Á kynningarfundum fyrir nýja nemendur er stefnan kynnt. Reglulega birtast fréttir á heimasíðu skólans um verkefnin sem eru í gangi (sjá fylgiskjal 7). Á heimasíðu skólans er tengill þar sem safnað er saman upplýsingum og fróðleik um starfið í umhverfismálum skólans (sjá fylgiskjal 8). Umhverfisstefnan hangir á vegg í miðrými skólans. Einnig er svokallaður umhverfisveggur í skólanum þar sem ýmiskonar fróðleikur, sýnishorn af verkefnum og fleira sem tengist starfinu hangir. Eftir umhverfisvikuna vorið 2012 var ýmsum er tengist bænum boðið á uppskeruhátíðina s.s. bæjarstjóra, aðilum frá garðyrkjudeild bæjarins og umhverfisnefnd Garðabæjar.

Umhverfissáttmálinn

Eins og kemur fram í fyrr í skýrslunni (áætlun um aðgerðir og markmið) þá vinnur skólinn eftir umhverfissáttmála (sjá fylgiskjal 3). Umhverfisnefndin setur sáttmálann og markmiðin eru sýnileg í öllum bekkjarstofum, á göngum skólans og á heimasíðunni.

Að lokum

Á hverju vori skrifa verkefnastjórar skýrslu um umhverfisstarfið sem birtist í ársskýrslu skólans. Skýrslurnar eru mikilvæg heimild um starfið og það sem unnið er á hverju ári (sjá fylgiskjal 9 og 10).

Skólinn hefur staðið sig með ágætum í umhverfisstarfinu undanfarin ár. Þessi skýrsla gefur nokkuð góða mynd af því starfi sem hefur verið unnið. Það er von okkar að við fáum góðar undirtektir varðandi endurnýjun Grænfáns haustið 2013.

Fyrir hönd umhverfisnefndar Hofstaðaskóla,

Krísturín Sigurðardóttir og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir verkefnastjórar.

Fylgiskjal 1.

Fundur í umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla 13. september 2012 kl. 14:30-15:30

Mættir: Krístrún og Adda deildarstjórar, Áslaug heimilisfræðikennari, Ingibjörg umsjónarkennari, Rúnar húsvörður, Agnes stuðningsfulltrúi og 29 fulltrúar nemenda úr 2. – 7. bekk.

Dagskrá:

- Myndataka
- Samhristingur
- Kynning – Skóli á grænni grein
- Umhverfisstefna Hofsstaðaskóla – markmið fyrir skólaárið 2012-2013
- Önnur mál

Lesið upp hverjir væru mættir og síðan var tekin mynd af umhverfisnefndinni. Að því loknu var samhristingur þar sem nefndarmenn tóku þátt í leik sem miðaði að því að það þurfti að tala saman og búa til keðjur.

Adda og Krístrún voru með glærusýningu og kynntu meðal annars hverjir væru í nefndinni, hverju umhverfisnefndin þyrfti að sinna og hvað fælist í 7 skrefum Grænfánans. Fjallað var um verkefni vetrarins og umhverfissáttmáli Hofsstaðaskóla fyrir skólaárið 2012-13 kynntur og ræddur. Einnig voru umræður um hvaða þætti ætti að leggja áherslu á þetta skólaár.

Nemendur komu með ýmsar hugmyndir t.d. það að vera betri en í fyrra, segja nemendum að koma með lítil epli en ekki stór, safna gosflöskum o.fl.

Umhverfisstefna skólans verður hengd upp í öllum skólastofum og birt á heimasíðu skólans.

Adda og Krístrún stjórnðu fundi.

*Fundargerðir umhverfisnefndar eru vistaðar á heimasíðu Hofsstaðaskóla
(<http://hofsstadaskoli.is/skolinn/umhverfismal/skyrslur-fundargerdir/>).*

Fylgiskjal 2.

Meðhöndlun á rusli

	2012-13		2007-8	
	já	nei	já	nei
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	x		x	
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;				
* nemendur,	x		x	
* kennarar,	x		x	
* skólastjórnendur,	x		x	
* húsvörður,	x		x	
* allt annað starfsfólk skólans,	x		x	
* ræstingafólk,	x		x	
* foreldrar.	x		x	x
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;				
* gæðapappír,		x		X
* blandaður pappír,	x		X	
* fernur,	x		X	
* bylgjupappi,	x		X	
* gosílát (<i>dósir og flöskur</i>),	x		X	
* gler (<i>krukkur o.fl.</i>),	x		x	x
* málmar (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>),	x			x
* rafmagnsvörur og tæki,	x		X	
* rafhlöður,	x		X	
* spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>),	x		X	
* flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>),	x		X	
* föt og klæði,	x		X	
* kertaafgangar.				x
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	x			x

Umhverfissáttmáli Hofsstaðaskóla 2012-13

- ♦ Við göngum vel um Hofsstaðaskóla og umhverfi hans
- ♦ Við fáum fræðslu í umhverfismennt
- ♦ Við slökkvum ljós í mannlausum herbergjum
- ♦ Við nýtum pappírinn vel
- ♦ Við notum sem minnst af einnota umbúðum
- ♦ Við göngum / hjólum í skólann eins oft og hægt er
- ♦ Við flokkum úrgang í:

Endurvinnanlegt:

- ♦ Lífrænn úrgangur
- ♦ Plast
- ♦ Rafhlöður
- ♦ Pappír
- ♦ Bylgjupappi

Endurnýtanlegt:

- ♦ Afsag í smíðastofu
- ♦ Pappír
- ♦ Ýmsar umbúðir

Óendurvinnanlegt:

- ♦ Blandaður úrgangur



Áherslur skólaársins:

- ♦ Flokkun á úrgangi og endurnýting
- ♦ Arnarneslækur í fóstur

Umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla

Fylgiskjal 4.

Umhverfisvika í Hofsstaðaskóla 2012

Vikan 23. - 27. apríl 2012 var tileinkuð umhverfismálum í Hofsstaðaskóla. Af því tilefni unnu 65 nemendur í þremur 6. bekkjum skólans margvísleg verkefni er tengjast umhverfismálum. Verkefnin voru: Hljómsveitarhópur, endurvinnsla á fötum, áróðursmyndbönd tengd umhverfismálum og vitundarvakning tengd umhverfi Hofsstaðaskóla.

Í lok vikunnar var uppskeruhátíð á verkefnum á sal skólans. Haldnir voru glæsilegir tónleikar þar sem hljómsveitarhópurinn flutt tónverkið „Með allt á hreinu“ með vísun í umhverfisviku Hofsstaðaskóli og enduðu á að flytja „Ósonlagið“. Bæjarstjóra Garðabæjar, fulltrúum úr umhverfisnefnd Garðabæjar og nemendum í 4. – 7. bekk var boðið á tónleikana. Hinir hóparnir fluttu einnig sín verk á sal sem voru myndbönd og myndasýningar og fatahópurinn var með tiskúsýningu. Nemendum í 4. – 7. bekk var boðið á sýninguna.

Lýsing á verkefnum

Ósonlagið var unnið í hópvinnu undir stjórn tveggja tónmenntakennara. Nemendur komu með tillögu að orðum og texta er tengdust umhverfismálum. Söngtextinn var síðan saminn útfrá þeim hugmyndum. Að því loknu hófst æfing á tónverkinu.

„Gömul föt verða ný“ hópurinn vann að verkefninu að hanna ný föt og fylgihluti úr gömlum fötum og öðru efni sem til var heima og í skólanum.

Nemendur völdu sér efnivið, hönnuðu verkið á blað, klipptu svo til og sniðu upp á nýtt. Notast var við saumvélar og límbyssu til að setja hlutina saman.

Púðar urðu að töskum, kjólar að stuttbuxum og svo mætti lengi telja.

Þegar hver nemandi var kominn með dress og fylgihluti hófst æfing fyrir tiskusýningu.

Áróðursmyndbönd er tengdust umhverfismálum voru unnin í litlum hópum þar sem fjallað var um viðfangsefni að eigin vali sem tengdist umhverfinu. Fyrst ræddu nemendur saman undir stjórn kennara um Garðabæ og umhverfið í kringum skólann. Nemendur komust að því að mikilvægt væri að hugsa vel um umhverfið og að það væri ýmislegt sem ógnaði því. Síðan tók við hugstormun, þar sem kennari skrifaði niður hugmyndir að verkefnum. Dæmi: Fréttir af umhverfinu í Garðabæ, Hvaða áhrif bílaþvottur hefur á lækinn ef menn passa sig ekki og leiknar auglýsingar um umhverfið. Þegar nemendur höfðu komið sér saman um hver myndi gera hvað bjuggu þeir til handrit og ákváðu hlutverk. Eftir æfingar á hlutverkjum voru atriðin tekin upp en að því loknu þurfti að klippa efnið og setja inn tónlist.

Hópurinn sem skoðaði **umhverfi Hofsstaðaskóla** vann í 2-3 manna hópum. Nemendur völdu sér áveðið viðfangsefni sem voru; Arnarneslækurinn, fjaran, opin svæði og fuglar. Verkefnið hófst á vettvangsferð þar sem nemendur veltu fyrir sér eftirfarandi spurningum skráðu niður punkta og tóku myndir eftir þörfum:

- Hvað er áhugavert við svæðið?
- Hvaða lífverur eru á svæðinu; plöntur, dýr?
- Hefur svæðinu verið rasakað?
- Hvað getur ógnað svæðinu?
- Umgengni mannsins, hvernig er hún?
- Sáuð þið hluti sem ekki tilheyrir svæðinu?
- Hvernig mætti bæta svæðið?
- Eru áform um að taka svæðið til annarra nota? Ef svæðið yrði tekið til annarra nota, hvaða áhrif hefur það?

Hver hópur mátti ráð hvernig hann gerði skil á sínu verkefni t.d. með powerpoint-sýningu, photostorrsýningu eða veggspjaldi. Við skil á verkefninu þurftu að koma fram upplýsingar sem hópurinn aflaði í vettvangsferðinni sem voru m.a. myndir. Einnig mátti afla viðbóta upplýsinga t.d. á netinu. Verkefnin voru sýnd á sal og birt á heimasíðu skólans.

Öll verkefnin sem unnin voru í umhverfisvikunni eru liður í að rækta umhverfisstefnu skólans og hluti af [Comeniusarverkefninu Rainbow Tree](#) eða Regnbogatré sem skólinn tekur þátt í skólaárin 2011-2013

Myndbönd, myndasýningar og ljósmyndir er tengjast verkefninu má finna á heimasíðu Hofsstaðaskóla á slóðinni:

<http://hofsstadaskoli.is/skolinn/umhverfismal/verkefni-um-umhverfismal/>

Fylgiskjal 5.

Vinnuferli umhverfismál og endurvinnsla 4. bekkur vor 2012

Þetta var það sem bekkirnir gerðu, það var aðeins mismunandi að umfangi:

- Rætt um umhverfisstefnu skólans
- Tekið þátt í hreinsun á Arnarneslæk í tengslum við umhverfisviku
- Hvað er endurvinnsla?
- Hvað er endurnýting? Munur á því og endurvinnslu.
- Búin til bók þar sem nemendur skrifuðu m.a. um auðlindir jarðar. Skrifuðu upp hvað mengar og hvað ekki. Gerðu mynd af hreinni jörð og mengaðri jörð (einn hringur).
- Orðaþraut og ýmislegt sem tengist endurvinnslu
- Horft á myndir á hringras.is t.d. um rafhlöður, spilliefni og hráefni (<http://www.hringras.is/fraedsla>)
- Nemendur fengu kassa til að safna rafhlöðum í
- Krossaglíma
- Gróðursetning á trjám(Bæjargarðurinn) í samstarfi við garðyrkjudeildina.
- Stuðst við vefinn <http://yrkja.is/skog.php?id=100> til að undirbúa nemendur undir gróðursetninguna og hvernig á að bera sig að. Lífsferill trés, tegundir o.fl.

Regnbogatré

Hofsstaðaskóli tekur þátt í Comeniusar verkefninu Rainbow Tree-Regnbogatré veturna 2011-2012 og 2012-2013.

COMENIUS – tengir saman skóla í Evrópu.

Comenius-menntaáætlun Evrópusambandsins miðar að því að koma á gæðastarfi í skólum og tryggja Evrópuvitund í menntun. Styrkt eru fjölþjóðleg samstarfsverkefni við skóla víðs vegar í Evrópu. Einnig er lögð áhersla á að auka möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar kennara og efla tungumálanám á öllum skólastigum.

(Sótt af heimasíðu menntaáætlunar Evrópusambandsins).

Verkefnið "Rainbow Tree" sem standa mun yfir í tvö ár er tileinkað umhverfismennt nemenda í yngri bekkjum grunnskóla, foreldrum þeirra og kennurum. Það byggir á skapandi vinnu og virkri þátttöku og tengist sú vinna fjölmörgum markmiðum námskrár og ýmsum námsgreinum. Meginmarkmið verkefnisins er að hafa áhrif á viðhorf og breytni gagnvart náttúrunni með því að auðga þekkingu nemenda á mismunandi sviðum og þróa ýmsa leikni sem gagnast þeim til frekari þroska.

Unnið er með viðfangsefnið "tré", út frá mismunandi sjónarhornum, annars vegar sem mikilvæga auðlind sem hefur áhrif á líf mannsins á margan hátt og hins vegar sem efnivið sem birtist víða í sköpun mannsins og menningu.

Verkefnið er unnið í sjö þrepum og er eitt þrep fyrir hvern lit regnbogans. Uppbygging verkefnisins líkir eftir trénu sem líffræðilegu fyrirbæri og sem hugmyndafræðilegu tákni fyrir tilveruna og þróun hennar þar sem ræturnar tákna fortíðina, bolurinn nútímann og krónan framtíðina.

Þrepin eru:

Rautt þrep – Líf trésins

Appelsínugult þrep – Flóra og fræði

Gult þrep – Vinur minn, tréð

Grænt þrep – Saga trésins og sagnir um tré

Blátt þrep – Fegurð trésins

Indigo blátt þrep – Tré og handverk

Fjólublátt þrep – Réttindi trésins

Grunnhugmyndin er sú að verkið muni líkt og tréð vaxa og þroskast í nærandi umhverfi. Það umhverfi verður til með samstilltum samskiptum og vinnu þátttakenda frá 7 menningarsvæðum. Verkinu er líkt við tré: eins og rætur munu menningarsamfélögin sjö leggja grunninn að verkefninu með innleggi sínu og hugmyndum, verkefnin verða unnin og þróuð áfram og þá stækkar og dafnar tréð og þegar það hefur náð fullum þroska skilar það að lokum ávöxtum í formi fallegra og gagnlegra verka og árangri fyrir alla þátttakendur.

Verkefnastjórar eru: Anna Magnea Harðardóttir, Elísabet Benónýsdóttir og Ragnheiður Stephensen.

Nemendur og kennarar hafa þegar hafið vinnu í tengslum við verkefnið og hér á eftir eru nokkur af þeim verkefnum sem fyrirhugað er að vinna skólaárið 2011- 2012:

- Verkefnið kynnt á kennarafundi
- [Vef verkefnisins](#) komið upp á etwinning.net þannig að þjóðirnar geti deilt upplýsingum og verkefnum sín á milli
- Útbúinn Comeníusarveggur þar sem upplýsingar um verkefnið og sýnishorn af verkefnum nemenda verða sýnileg
- Gróðursetning trés sem mun verða tákngevingur verkefnisins meðan á því stendur og minnisvarði eftir að því lýkur
- Nemendur læra um uppbyggingu trés og lífsferil (Rautt þrep)
- Fólkið í kringum okkur: Hver þjóð býr til kynningu á landinu sínu og skólanum sínum og setur á vef verkefnisins svo aðrir geti skoðað.
- Skólinn minn: Nemendur teikna myndir af skólanum og skólastarfinu. Myndirnar fara á vef verkefnisins og nokkrar verða valdar á alþjóðlega sýningu sem sett verður upp í Rúmeníu á fundi verkefnastjóra.
- Kynningarbréf um verkefnið sent til foreldra.
- Útbúinn bæklingur um verkefnið og upplýsingum komið á vef skólans.
- Verkefnastjórar fara til Rúmeníu í nóvember og hitta verkefnastjóra frá hinum löndunum til að fara yfir verkefnaáætlun

Nemendur Hofsstaðaskóla komu færandi hendi á Barnaspítala Hringsins

10.06.2013

Nemendur í Hofsstaðaskóla söfnuðu notuðum og hálfónýtum smáraftækjum í samstarfi við Græna framtíð. Raftækin verða gerð upp og send til fátækari þjóða. Alls söfnuðust kr. 25.000. Nemendur vildu vera enn rausnarlegri og ákváðu að gefa kr. 75.000 af hvatapeningum sem þeir fengu frá Garðabæ fyrir að hreinsa Arnarneslækinn.



Fjórir nemendur í 7. bekk fóru, ásamt skólastjóra, í heimsókn á Barnaspítala Hringsins, en nemendur höfðu ákveðið að gefa spítalanum söfnunarféð samtals kr. 100.000. Peningarnir verða notaðir til dægrastyttingar fyrir börnin svo dvölin á Barnaspítalanum verði þeim léttari. Tilgangur með verkefni af þessu tagi er að auka samfélagslega ábyrgð nemenda og kenna þeim að þeir geti látið gott af sér leiða. Við erum ákaflega stolt af nemendum okkar fyrir að hafa valið að styðja svona gott málefni.

Umhverfismál

Umhverfisstefna Hofsstaðaskóla hefur að markmiði að skólasamfélagið taki höndum saman um að vinna markvisst að umhverfismálum t.d. með því að:

- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan
- Tengja skólann við samfélagið
- Efla samfélagskennd innan skólans
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans
- Bæta umhverfi skólans,
- Minnka úrgang og notkun á vatni og orku

Í Hofsstaðaskóla er starfrækt [umhverfisnefnd](#) sem hefur yfirumsjón með öllu umhverfisstarfi. Hún setur skólanum [umhverfisreglur](#) og [markmið](#) til að vinna að í umhverfismálum.

Hofsstaðaskóli fékk [Grænfánann](#) föstudaginn 16. nóvember 2007 og endurnýjun á honum 2. febrúar 2011. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skólinn hefur verið “Skóli á grænni grein” frá árinu 2005 en þá hóf hann þátttöku í alþjóðlegu verkefni sem er hugsað til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.

[Skrefin sjö](#) eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

[Grænfánann](#)

[Skrefin sjö](#)

Fylgiskjal 9.

Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla 2011-12

Hofsstaðaskóli hefur verið *Skóli á grænni grein* frá haustinu 2007 og flaggar Grænfánanum. Í vetur var unnið samkvæmt umhverfisstefnu skólans og eftirfarandi umhverfisreglur hafðar að leiðarljósi.

Við flokkum úrgang og skilum til endurvinnslu:

- Blönduðum úrgangi
- Bylgjupappa
- Drykkjarfernum
- Flöskum
- Rafhlöðum
- Pappír

Við endurnýtum í skólanum:

- Afsag í smíðastofu
- Pappír
- Ýmsar umbúðir



- Við göngum vel um Hofsstaðaskóla og umhverfi hans
- Við fáum fræðslu í umhverfismennt
- Við slökkvum ljós í mannlausum herbergjum
- Við nýtum pappírinn vel
- Við notum sem minnst af einnota umbúðum
- Við hvetjum til vatnsdrykkju
- Við tileinkum okkur útikennslu
- Við göngum / hjólum í skólann eins oft og hægt er

Sérstök áhersla lögð á fjögur verkefni:

- *Arnarneslæk*
- *Fræðsla um loftslagsmál*
- *Fræðsla um tré - Rainbow tree*
- *Efla útikennslu í stærðfræði*



Umhverfisstjórn var við skólann eins og undanfarin ár. Nemendum í henni fjölgaði töluvert en í vetur en það voru aðal- og varamenn úr öllum bekkjum nema einum 7. bekk.

Verkefnastjórn:

Krístúrín Sigurðardóttir deildarstjóri

Arnheiður Ösp Hjalmsdóttir deildarstjóri

Fulltrúar kennara:

Áslaug Þorgeirdóttir heimilisfræðikennari

Ingibjörg Sigfúsdóttir umsjónarkennari

Fulltrúar annarra starfsmanna:

Gunnar Pálmason húsvörður

Agnes Kragh stuðningsfulltrúi

Fulltrúar foreldra:

Freyr Þórðarson

Sonja M. Halldórsdóttir

Bekkur	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi	Bekkur	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
1. RJ	Gunnlaugur Árni	Heiðveig Björg	4. IS	Goda	Týr Fáfínir
1. RS	Dagur Orri	Karó Elísa	4. HS	Eysteinn Arnar	Krístín Birta
1. PP	Þorvaldur	Karitas	5. ÓP	Sólbjört	Eva
2. ÁS	Bergdís Lilja	Númi Jökull	5. GP	Arnór Ingi	Karen
2. BS	Sverrir Konráð	Hrafnís Freyja	5. LK	Rebekka Rut	Fjóra
2. GP	Þórunn Hanna	Hekla Sóley	6. BÓ	Ólína Helga	Valdís
3. ABR	Matthías Dagur	Embla Liv	6. SJF	Guðmundur Róbert	Kári
3. ÁK	Örvar Logi	Sindri Dagur	6. ÖM	Auður	Viktoría Dís
3. GG	Guðrún Helga	Benedikt Marínó	7. AMH	Ingólfur	Krístófer Ingi
4. BST	Thelma Dögg	Agnar Bergur	7. GHS	Enginn	Enginn

Fulltrúar nemenda:



Umhverfisnefndin hélt tvo fundi. Á fyrsta fundi í september voru allir í nefndinni boðaðir og lagðar voru línurnar í umhverfisstafi vetrarins. Annar fundur var haldinn í lok janúar þar sem m.a. var rætt um mikilvægi umhverfismála og umhverfisgæslu. Nemendur í nefndinni voru áhugasamir í umhverfisstarfinu og tóku m.a. að sér ásamt umsjónarkennurum sínum að kynna stefnu og markmið starfsins auk þess að sinna umhverfisgæslu í sínum bekkjum.

Fjölbreytt starf

Unnið var að fjölbreyttum umhverfistengdum verkefnum í öllum árgöngum. 1. bekkur kannaði umhverfi skólans, 2. bekkur var í fjallapema sem endaði á Úlfarsfelli, 3. bekkur lærði um húsdýrin, 4. bekkur fræddist um umhverfismál og endurvinnslu, 5. bekkingar skoðuðu plöntur og fuglalíf við



Vífilsstaðavatn, 6. bekkingar fræddust um loftslagsmál og tóku þátt í Norræna loftslagsdeginum og 7. bekkingar unnu með söguramman Fuglabjargið. Auk þessa voru unnin fjölda verkefna og nemendur fóru í margar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kom við sögu. Margir árgangar sinntu umferðarfræðslu á haustdögum þar sem m.a. var stuðst við söguramma, farið í ratleiki um skólalóðina og unnar veggmyndir.



Allir árgangar skólans voru þátttakendur í Comeniusarverkefni sem kallast Regnbogatré (Rainbow tree). Í tengslum við það var reynitré gróðursett á skólalóðinni með viðhöfn. Nemendur fræddust um tré hjá sínum umsjónarkennurum og unnu margskonar verkefni í tengslum við þau allan veturinn. Á fjölgreindaleikunum var búið til

listaverk úr afsagi sem hefur fallið til í smíðastofunni, svokallað Viskutré. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk í Bæjargarðinn birkiplöntur sem fengnar voru úr Yrkjusjóði. Gróðursetningin var í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins og Skógræktarfélagið.

Nemendur í 1. – 4. bekk tóku þátt í plöntupema undir lok skólaárs. Margskonar vinna fór fram t.d. var farið í plöntuskoðunarferð í Hellisgerði og Heiðmörk, sett upp rannsóknarstofa á skólalóðinni og plöntur greindar.

Í hverri viku á sá einn bekkur um að hreinsa skólalóðina eins og undanfarin ár, þ.a. hver bekkur fór einu sinni eða tvisvar sinnum út yfir skólaárið.

Á síðasta skólaári tók skólinn Arneslæk í fóstur ásamt FG. Í tengslum við það og dag umhverfisins tóku allir bekkir skólans þátt í hreinsun á Arnarneslæk frá upptökum til ósa og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum. Styrkurinn var notaður til að kaupa bolta, sippubönd og fleira fyrir bekkina.

Listadagar í Garðabæ voru á sama tíma og Dagur umhverfisins þar sem þemað var tónlist. Það var því ákveðið að tengja listir og umhverfismennt saman. Nemendur í 1. – 3. bekk nutu tónverks Sinfóníuhljómsveitarinnar „Úti í náttúrunni“. Stórkostlegir tónleikar voru haldnir á sal Hofsstaðaskóla en skólinn fékk styrk til að ráða Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur og Þórdísi Heiði Kristjánsdóttur tónmenntakennara til að stjórna hljómsveitarverkefni með hópi nemenda í 6. bekk. Verkið hét „Með allt á hreinu“ en þemað var umhverfismál enda umhverfisvika í Hofsstaðaskóla. Tónleikarnir enduðu á söng „ÓsonLaginu“ sem saminn var af nemendum í hljómsveitarhópnum. Nemendum sem ekki tóku þátt í hljómsveitarverkefninu var skipt í þrjá hópa og unnu þeir verkefni í tengslum við umhverfismál undir stjórn umsjónarkennara. Einn hópur hannaði föt og bjó til úr endurunnu efni, annar hópur fór í vettvangsskoðun í nágrenni Hofsstaðaskóla og vann myndasýningar í tengslum við hana. Þriðji hópurinn bjó til áróðursmyndbönd er tengjast umhverfinu. Verkefnin voru sýnd á sal þar sem fatahópurinn var með tískusýningu.





Verkefni sem unnið var í tengslum við umhverfisviku á síðasta skólaári var sent í keppnina „Varðliðar umhverfisins“ og var skólanum þakkað fyrir þátttökuna.

Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall og verðlaus efniviður var vel nýttur.

Sú nýbreytni var í vetur að heimilisfræðikennarinn endurnýtti umbúðir sem féllu til í kennslueldhúsinu. Nemendur fóru t.d. heim með bakkelsi í endurnýttum hveitipokum.

Á haustdögum tók skólinn þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þátttaka nemenda var mjög góð en 96% nemenda komu annað hvort gangandi eða hjólandi í skólann á meðan á verkefninu stóð. Allir bekkir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna og bekkirnir sem stóðu sig best fengu nafn sitt ritað á verðlaunagripinn „Gullskóinn“. Í maí tóku 27 starfsmenn þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka var mjög góð en alls voru farnir 1461,5 km.



Fræðsla starfsmanna

Í október var námskeið fyrir umsjónarkennara um útikennslu í stærðfræði. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt. Farið var í hvernig hægt er að nýta skólalóðina til útikennslu og nánasta umhverfi skólans. Handbækur um útikennslu í stærðfræði voru keyptar og komu þær að góðu gagni við skipulagningu á útikennslu. Í maí fengu starfsmenn kynningu á nýju sorpflokkunarkerfi sem tekið verður í notkun næsta haust. Það verður krefjandi verkefni fyrir alla í skólanum að fylgja því eftir en jafnframt mikilvægur þáttur í umhverfisstarfi Hofsstaðaskóla.

Mat á starfi vetrarins

Þegar á heildina er litið hefur vinna í umhverfismálum vetrarins tekist ágætlega. Mörg ný verkefni litu dagsins ljós sem nemendum þótti gaman að vinna. Til að auka lýðræði og þátttöku nemenda var þeim fjölgað umtalsvert í umhverfisnefnd skólans sem mun vonandi, skila aukinni skilvirkni og tengingu við alla bekk. Umhverfisstarfið er samstarf allra í skólasamfélaginu og einn lykilþátturinn til að ná góðum árangri.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Fylgiskjal 10.

Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla 2012-13

Hofsstaðaskóli er *Skóli á grænni grein* og flaggar Grænfánanum. Umhverfisstarfið byggir á traustum grunni og í vetur var unnið samkvæmt umhverfissáttmála skólans.

Umhverfissáttmáli Hofsstaðaskóla 2012-13

- Við göngum vel um Hofsstaðaskóla og umhverfi hans
- Við fáum fræðslu í umhverfismennt
- Við slökkvum ljós í mannlausum herbergjum
- Við nýtum pappírinn vel
- Við notum sem minnst af einnota umbúðum
- Við göngum / hjólum í skólann eins oft og hægt er

Einnig eru reglur hafðar að leiðarljósi varðandi flokkun á úrgangi en hann er flokkaður í endurvinnanlegan, endurnýtanlegan og óendurvinnanlegan.

Endurvinnanlegt:

- Lífrænn úrgangur
- Plast
- Rafhlöður
- Pappír
- Bylgjupappi

Endurnýtanlegt:

- Afsag í smíðastofu
- Pappír
- Ýmsar umbúðir

Óendurvinnanlegt:

- Blandaður úrgangur

Umhverfisnefndin var sammála um að hafa þessa þætti í forgangi á skólaárinu:

- Flokkun á úrgangi og endurnýting
- Arnarneslækur í fóstur

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd var kosin að hausti. Margir áhugasamir nemendur í 2. – 7. bekk buðu sig fram. Einnig sitja í nefndinni deildarstjórar stiga, fulltrúar kennara, fulltrúar annarra starfsmanna og fulltrúar foreldra.

Verkefnastjórar:

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri

Fulltrúar annarra starfsmanna:

Rúnar Viktorsson húsvörður

Agnes Kragh stuðningsfulltrúi

Fulltrúar nemenda:**Fulltrúar kennara:**

Áslaug Þorgeirdóttir heimilisfræðikennari

Ingibjörg Sigfúsdóttir umsjónarkennari

Fulltrúar foreldra:

Freyr Þórðarson

Sigurborg A Helgadóttir

Bekkur	Fulltrúi	Fulltrúi	Bekkur	Fulltrúi	Fulltrúi
2. RJ	Snædís Sara	Svava Rós	3. ÁS	Emil Nói	Eyþór Örn
2. RS	Atli	Guðjón Fannar	3. HK	Kristín Helga	Snædís María
2. ÞÞ	Guðmundur	María Margrét	3. GP	Eiður Baldvin	Silja Björg
4. ABR	Eldar Máni	Hrafn Ingi	5. AMH	Gunnar Þór	Hildur Anna
4. ÁK	Sindri Dagur	Viktor Reynir	5. GHS	Elín Halldóra	Ingvi Freyr
4. GG	Benedikt Marinó	Guðrún Helga	5. HS	Ágústa	Liisa Bergdís
6. GP	Liv	Magnús Gunnar	7. BÓ	Björn Gústav	Páll Viðar
6. HBS	Halldór	Rakel Ása	7. SJG	Jóhann Karl	Theódóra Ýr
6. ÓP	Dúi Þór	Róbert	7. ÖM	Auður	Daníel Heiðar

Umhverfisnefndin hélt þrjá fundi. Á fyrsta fundi í september voru allir í nefndinni boðaðir og farið yfir komandi starf og umhverfissáttmálinn samþykktur. Annar fundur var haldinn í lok janúar þar sem söfnunarverkefnið í tengslum við Græna framtíð var rætt og ákveðið að Barnaspítali Hringins myndi njóta góðs af. Á þriðja fundi var farið yfir umhverfisgátlistann sem er á heimasíðu Landverndar.

Starfið með nemendum

Í öllum árgöngum var unnið að fjölbreyttum verkefnum. Þegar skóli hófst var tekið upp nýtt flokkunarkerfi á úrgangi. Til að það myndi ganga sem best voru starfsmenn frá Íslenska gámafélaginu með fræðslufundi í öllum bekkjum. Í kjölfarið voru unnin verkefni í tengslum við fræðsluna og settar upp viðeigandi merkingar fyrir flokkunina. Nemendur í 1. bekk skoðuðu umhverfi skólans auk þess að fara í Sjálandsfjöruna og í



Heiðmörk. 2. bekkur lærði um fjöllin og hafið, 3. bekkur lærði um húsdýrin, 4. bekkur fræddist um umhverfismál. 5. bekkur skoðuðu plöntur og fuglalíf við Arnarneslækinn, 6. bekkur fræddust um loftslagsmál og tóku þátt í Norræna loftslagsdeginum og 7. bekkur skoðuðu plöntu og dýralíf í og við Vífilsstaðavatn. Auk þessa voru unnin fjölda verkefna og nemendur fóru í margar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kom við sögu. Margir árgangar sinntu umferðarfræðslu á haustdögum þar sem m.a. var stuðst við söguramma, farið í ratleiki um skólalóðina og unnar veggmyndir.

Allir árgangar skólans voru þátttakendur í Comeniusarverkefninu Regnbogatré (Rainbow tree). Nemendur fræddust um tré hjá sínum umsjónarkennurum og unnu margskonar verkefni s.s. var fjallað um réttindi trésins, teiknaðar myndir og samdar sögur. Í mars komu 20 kennarar frá 5 löndum í heimsókn í tengslum við verkefnið. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk birkiplöntur í Bæjargarðinn sem fengnar voru úr Yrkjúsjóði. Gróðursetningin var í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins og Skógræktarfélagið.

Umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla í samvinnu við foreldrafélag skólans stóð fyrir söfnun og endurnýtingu á gömlum raftækjum í samvinnu við fyrirtækið Græn framtíð. Lagt var upp með þessi orð „Leggðu umhverfinu lið og gefðu þínu raftæki framhaldslíf. Það er synd að þurfa að henda þegar hægt er að endurnýta“. Skólinn fékk borgað fyrir raftækin sem söfnuðust og Græn framtíð sá um að endurnýta þau. Mest safnaðist af farsímum og fartölvum. Ágóðinn var 25.000,- kr. sem var afhentur Barnaspítala Hringsins. Tilgangur með verkefni af þessu tagi er að auka samfélagslega ábyrgð nemenda og í leiðinni að kenna þeim að þeir geti látið gott af sér leiða.

Nemendur í 1. – 4. bekk tóku þátt í smádyrapema undir lok skólaárs. Margskonar vinna fór fram t.d. var farið í fjöruferð, settar upp kartöflugildir á skólalóðinni og nágrenni hennar, ánamaðkar mældir og skoðaðir. Greiningarlyklar, víðsjár, stækkunargler og ýmislegt fleira var notað við vinnuna.

Vikulega sá einn bekkur um að hreinsa skólalóðina. Í tengslum við Dag umhverfisins tileinkaði Hofsstaðaskóli 22. -24. apríl umhverfinu. Þá voru unnin margvísleg verkefni í skólanum. Einnig tók skólinn að sér að hreinsa Arnarneslækinn og tóku allir bekkir skólans þátt í hreinsuninni og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum.

Verkefni sem unnið var í tengslum við umhverfisviku á síðasta skólaári var sent í keppnina „Varðliðar umhverfisins“ og var skólanum þakkað fyrir þátttökuna.



Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall og verðlaus efniviður var vel nýttur.

Á haustdögum tók skólinn þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þátttaka nemenda var mjög góð en mikill fjöldi nemenda komu annað hvort gangandi eða hjólandi í skólann á meðan á verkefninu stóð. Allir bekkir fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.

Vinna með starfsmönnum

Áður en skóli hófst þurfti að leggja mikla vinnu í merkingar í tengslum við nýtt flokkunarkerfi á úrgangi. Einnig voru umræður á starfsmannafundi um hvernig verkefnið gengi og hvað væri hægt að

gera betur. Í maí tóku 27 starfsmenn þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka var mjög góð en alls voru farnir 1826 km.

Mat á starfi vetrarins

Ákveðnir þættir í umhverfisstarfinu hafa fest sig í sessi. En það má ekki sofna á verðinum, því umhverfisstarfinu þarf að sinna og hlúa að til að það verði framfarir. Starfið byggir á þátttöku allra sem eru í skólanum, ekki bara þeirra sem eru í umhverfisnefndinni. Þegar horft er yfir farinn veg og allt þangað til skólinn fékk fyrst Grænfánann þá hefur mikið áunnist en það er alltaf hægt að gera betur. Markmiðið er að sækja um endurnýjun Grænfánans þannig að Hofsstaðaskóli geti flaggað honum áfram næstu 2 árin.



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir